

Samþykkt fyrir hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar

Umboð

1. gr.

Hverfisráð starfa í umboði bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar, sem ráðgefandi samráðs- og umræðuvettvangur um nærsamfélag sitt, með þeim hætti sem nánar er kveðið á í samþykkt þessari og eftir því sem samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hverfisráð skulu starfa í byggðakjörnum Sveitarfélagsins Árborgar þar sem íbúafjöldi er færri en 1.000 manns. Hverfisráðin eru því þrjú talsins og starfa á Eyrarbakka, Stokkseyri og í Sandvíkurhreppi. Það svæði sem hverfisráðið tekur til kallast hverfi viðkomandi hverfisráðs.

Komi eindregin ósk um stofnun hverfisráðs frá íbúum Selfoss, skal bæjarráð taka slíka ósk til umræðu og meta með hliðsjóna af aðstæðum, íbúafjölda og öðrum samskiptaleiðum. Heimilt er að fjölga hverfisráðum ef bæjarráð telur það vera til hagsbóta fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

Verksvið og markmið

2. gr.

Markmið hverfisráða eru eftirfarandi:

- Helsta verkefni hverfisráðs er að koma sjónarmiðum, þörfum og hagsmunum hverfisins á framfæri við sveitarfélagið.
- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunamál og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi hverfi.
- Að vera vettvangur hverfisins fyrir samráð íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs við bæjarstjórn.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa viðkomandi hverfis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun Sveitarfélagsins Árborgar innan viðkomandi hverfis.
- Að gera tillögur til bæjarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi hverfis.
- Að stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis.
- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnsýslu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs í sínum hverfum.

Að tengja stjórnkerfi sveitarfélagsins betur íbúum þess og nýta þekkingu þeirra á sínu nánasta umhverfi. Hverfisráðum er heimilt að:

- álykta um hvert það málefni sem ráðið telur að varði viðkomandi hverfi.
- gera umsagnir um aðal- og deiliskipulagsáætlanir er varða viðkomandi hverfi.

Hverfisráð fá til upplýsingar gögn varðandi nýjar aðal- og deiliskipulagsáætlanir í viðkomandi hverfi áður en þær eru auglýstar til umsagnar.

Einnig skal leitast við að fá umsögn hverfisráða um stærri framkvæmdir og meginbreytingu á þjónustu á þeirra starfssvæði áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar þar um í bæjarstjórn. Gangi það ekki eftir skal ákvörðun um stærri framkvæmdir og meginbreytingar á þjónustu send hverfisráðum til upplýsingar.

Skipan

3. gr.

Hverfisráð eru skipuð þremur fulltrúum kosnum á aðalfundi viðkomandi hverfisráðs, einn þeirra skal kjörinn formaður. Þrír varamenn skulu einnig kosnir á aðalfundi. Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir í hverfisráð.

Hverfisráð skipta með sér verkum, varaformanns og ritara. Kjörtímabil hverfisráða er tvö ár. Hver nefndarmaður getur setið að hámarki 3 kjörtímabil í röð, samtals 6 ár. Hann getur síðan aftur komið inn að 1 kjörtímabili liðnu.

Segi nefndarmenn af sér eða flytji úr hverfinu skal næsti varamaður taka sæti nefndarmannsins. Segi formaður af sér eða hann flytji úr hverfinu skal varaformaður taka sæti hans.

Að auki skipar bæjarstjórn tvo bæjarfulltrúa til setu á fundum hvers hverfisráðs sem áheyrnarfulltrúar og hafa þeir þar málfrelsi, en ekki tillögu- eða atkvæðisrétt. Hlutverk þeirra er að vera til ráðgjafar og veita upplýsingar um þau mál sem til umfjöllunar eru á fundum hverfisráðanna og snerta viðkomandi hverfi.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi hverfisráðs nema lögmæt forföll hamli. Nefndarmaður boðar varamann til fundar í sínum forföllum.

Varamenn hafa, ef þeir óska þess, rétt til setu á fundum hverfisráða með málfrelsi.

Verkstjórn og verkaskipting

4. gr.

Formenn hverfisráða eru í forsvari fyrir þau um stefnumótun og ákvarðanir þeirra eftir því sem við á.

Bæjarráð ber ábyrgð á rekstrarkostnaði og framkvæmd ákvarðana hverfisráðanna.

Boðun funda og fundarsköp

5. gr.

Formaður hverfisráðs boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins og þau mál sem bæjarráð/stjórnkerfi sveitarfélagsins hefur sent hverfisráði til umfjöllunar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Hverfisráðum er heimilt að halda fjóra fundi á ári og gert er ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Ef þörf er á aukafundi skal ákvörðun þar um vera í samráði við bæjarritara.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar eftir því sem við á.

Hverfisráð hafa fundaraðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins í hverju hverfi fyrir sig, þar sem það er fyrir hendi. Þar sem svo háttar ekki til, útvegar sveitarfélagið fastan fundarstað með viðeigandi aðstöðu og búnaði.

Aðalfundir skulu haldnir á tveggja ára fresti fyrir lok september. Stjórn hverfisráðs boðar til aðalfundar. Á aðalfundi fara fram hefðbundin aðalfundarstörf, eftir því sem við á. Komi til þess að ekki hafi verið haldinn aðalfundur, eða til hans boðað, fyrir lok september hefur bæjarstjóri heimild til að boða fundinn eftir samráð við fulltrúa viðkomandi hverfisráðs.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

6. gr.

Fundir hverfisráða skulu alla jafna haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum þeirra. Hverfisráðum er þó heimilt að hafa fundi sína opna fyrir íbúum viðkomandi hverfis. Hverfisráðum er heimilt að taka á dagskrá málefni sem koma frá íbúum.

Hverfisráð skal halda að lágmarki einn opinn íbúafundur á ári og auglýsa hann sérstaklega.

Hverfisráð skulu skrá fundargerðir og senda afrit fundargerða til bæjarráðs jafnóðum. Bæjarfulltrúi sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega. Í fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c) nöfn áheyrnarfulltrúa sem sækja fundinn,
- d) nöfn starfsmanna sveitarfélagsins sem sækja fundinn, þar sem það á við,
- e) heiti og númer fundarefnis sem tekin eru fyrir,
- f) greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- g) bókanir ráðsins og/eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við
- h) í fundargerð skal koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Fundargerðirnar skulu undirritaðar af fundarmönnum, með rafrænum eða hefðbundnum hætti. Blaðsíðurnar skulu vera með blaðsíðutali.

Fundargerðirnar eru teknar fyrir á fundum bæjarráðs sem vísar erindum sem fram koma í fundargerðum ráðanna áfram til viðkomandi sviða, deilda eða nefnda í stjórnsýslu sveitarfélagsins eftir því sem tilefni eru til. Hverfisráð skal upplýst um stöðu mála.

Tengiliður hverfisráða við stjórnsýslu sveitarfélagsins er bæjarritari Sveitarfélagsins Árborgar. Hann sér um að aðstoða ráðin við upplýsingaöflun úr stjórnkerfi sveitarfélagsins og að upplýsa hverfisráðin um afgreiðslu nefnda sveitarfélagsins og

bæjarstjórnar. Bæjarritari sér einnig um að koma fundargerðum hverfisráða á dagskrá bæjarráðs.

Greiðsla fyrir þátttöku í hverfisráði og starfsaðsaða

7. gr.

Nefndarmenn hverfisráðs fá þóknun fyrir störf sín í hverfisráði. Þóknun skal greidd fyrir hvern formlegan hverfisráðsfund sem nefndarmaður hverfisráðs sækir í samræmi við reglur sveitarfélagsins um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna. Ekki er greitt fyrir setu varamanns, nema hann sé boðaður á fund í forföllum aðalmanns.

Gildistaka

8. gr.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 4. febrúar 2026